

Nói albinói

Nói albinói er nýleg íslensk bíómynd. Leikstjórinn er ungur maður, hann heitir Dagur Kári Pétursson og hann skrifaði líka handritið. Þessi mynd er vinsæl bæði á Íslandi og erlendis. Dagur Kári er hæfileikaríkur leikstjóri og það verður spennandi að fylgjast með honum í framtíðinni.

Myndin gerist um vetur í smábæ úti á landi. Nói albinói er ungur strákur í menntaskóla. Hann býr hjá ömmu sinni. Pabbi Nóa býr einn, hann er þunglyndur og drekkur mikið. Nói er sérstök persóna, hann er gáfaður en hann er ekki duglegur í skóla. Hann er oft einn og hann er ekki félagslyndur. Líf hans er erfitt. Samband Nóa og pabba hans er ekki gott. En ung stúlka, Íris, flytur í bæinn. Hún er úr Reykjavík. Nói kynnist henni og þau verða vinir.

Persóna Nóa í myndinni er skýr. Áhorfandinn hefur samúð með Nóa. Aðalhlutverk leika Tómas Lemarquis, Elín Hansdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson og Anna Friðriksdóttir.

Hver er Dagur Kári Pétursson?

Er kvikmyndin Nói albinói vinsæl?

Hvar gerist myndin?

Hver er aðalpersónan? Hvernig er hann? Hvaða vandamál hefur hann?

Hvernig breytist líf Nóa?

Þekkir þú aðrar íslenskar kvikmyndir? Veist þú hvað leikstjórnarnir heita? Hvaða íslensk kvikmynd þykir þér gaman?

Hnúfubakur og háhyrningur

Hnúfubakur er hvalur sem lifir við Ísland. Fæða hans er aðallega smáfiskur. Hann er langur og þungur, 12-19 metrar og 25-48 tonn. Hnúfubakurinn er mikill söngvari. Söngurinn berst 30 kílómetra í hafinu. Karldýrið nefnist tarfur, kvendýrið nefnist kýr og afkvæmið kálfur.

Háhyrningur er svartur, en hvítur á maga og hvítur blettur er við augun. Háhyrningurinn er með stórt höfuð. Tarfur er þungur, kannski 10 tonn! Heilbrigður háhyrningur verður mjög gamall, jafnvel 100 ára. Hann étur næstum allt. Kýrin gefur kálfinum mjólk.

Hvalurinn andar með lungum og kemur upp til að blása. Sumir hvalir ferðast í hóp eða fjölskyldu. Hvalurinn syndir hratt til að ná æti.

Hvalveiðar voru bannaðar við Ísland, en nú má veiða hvalinn í vísindaskyni. Sumir vilja leyfa hvalveiðar. Þetta mál er mjög umdeilt á Íslandi og um allan heim.

Hvað er hnúfubakur?

Hvernig lítur hann út?

Hvernig lítur háhyrningur út?

Hversu lengi lifir hann?

Hvað borðar hnúfubakur, en hvað borðar háhyrningur?

Hvers konar önnur dýr lifa á Íslandi?

Hefur þú áhuga á dýralífi? Þykir þér gaman að skoða dýr eða lesa um þau? Hvaða dýr þykir þér skemmtilegast? Átt þú gæludýr?